



A 1657/holdbart

Flytjandi:
Norræna sjálfbærninefndin
Norræna velferðarnefndin

Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærninefndin

Málsnúmer: 15-00171-1

Nefndartillaga um sameiginlegar norrænar aðgerðir um eiturefnalaust umhverfi

Tillaga

Norræna sjálfbærninefndin og norræna velferðarnefndin leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

- 1) að þær beiti sér fyrir almennu banni innan ESB við fjórum hormónaraskandi þalötum (DEHP, DBP, BBP og DIBP) í vörum sem börn koma í snertingu við;
- 2) að þær innleiði almennt bann á Norðurlöndum við fjórum hormónaraskandi þalötum (DEHP, DBP, BBP og DIBP) í vörum sem börn koma í snertingu við, hafi ESB ekki innleitt sams konar bann fyrir árslok 2017;
- 3) að þær vinni saman að því að semja og setja reglur gegn notkun heilsuspillandi efna í byggingarvörur, sem notaðar eru í gólf-, vegg- og lofteiningar;
- 4) að þær þrói og samþykki fyrirkomulag sem stuðli að því að hætt verði að nota óæskileg efni. Opinber norræn skrá yfir óæskileg efni verði tekin saman og reglur samþykktar í öllum löndunum sem skylda innflutningsaðila og framleiðendur til að upplýsa hvort vörur þeirra innihalda efni sem eru á norrænu skránni;
- 5) að þær beiti sér fyrir breytingum á ESB-löggjöfnni í þeim tilgangi að koma í veg fyrir innflutning frá löndum utan ESB/EES-svæðisins á vörum sem innihalda efni sem eru bönnuð í ESB/EES-löndunum.

Norræna sjálfbærnefndin og norræna velferðarnefndin leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- 6) að hún setji á fót norrænt þekkingarsetur um eiturefnalaust umhverfi og efni sem geta komið í stað eiturefna;
- 7) að hún kanni möguleika á að setja innlendar reglur um efnasambönd og hormónaraskandi efni þegar reglur ESB þykja ófullnægjandi;
- 8) að hún endurskoði viðmið umhverfismerkisins Svansins reglulega og tryggi að svansmerktar vörur innihaldi ekki efnasambönd og hormónaraskandi efni sem talin eru skaðleg heilsu fólks og/eða umhverfinu.

Norðurlandaráð

A 1657/holdbart

Flytjandi:
Norræna sjálfbærnefndin
Norræna velferðarnefndin

Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 15-00171-1

Forsaga

Það er almennt vitað að fólk kemur á degi hverjum í snertingu við efnasambönd sem eru heilsuspillandi. Börn og ungmenni nútímans snerta miklu fleiri skaðleg efni og efnasambönd en áður tíðkaðist, efni sem er að finna í leikföngum, fatnaði og öðrum vörum.

Það er vel sannað að fjöldi efnasambanda er hormónaraskandi og getur átt stóran þátt í spilltum gæðum sæðis og að æ fleiri drengir fæðast með vansköpuð kynfæri.

Norðurlandaráð hefur um langt skeið látið sig varða þá hættu sem stafar af efnasamböndum, einkum hormónaraskandi efnum. Norðurlandaráð hefur margsinnis fjallað um vandann og rætt hann við norrænu umhverfisráðherrana.

Málið var á dagskrá þegar samráð var haft við Evrópuþingið. Á örþingi Norðurlandaráðs í mars 2015 var samþykkt yfirlýsing sem beint var til framkvæmdastjórnar ESB og Evrópuþingsins um mikilvægi þess að herða stefnu ESB um efni og efnavöru og setja reglur um hættuleg efni.

Hópur fulltrúa í Norðurlandaráði hefur beint skriflegri fyrirspurn til norrænu ríkisstjórnanna, meðal annars þess efnis hvort hægt sé að koma á norrænu samstarfi um gerð á reglum um andrúmsloft innanhúss sem draga úr notkun skaðlegra þalata/mýkingarefna í byggingarvörur. Svör ríkisstjórna Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar gefa til kynna að Danir, Svíar og Norðmenn séu fylgjandi norrænu samstarfi um þróun og innleiðingu á reglum í samræmi við ESB-löggjöf um loftgæði innandyrna sem dragi úr notkun þalata í byggingarvörur.

Þá samþykkti Norðurlandaráð tvenn tilmæli um hormónaraskandi efni á árinu 2013. Var þar hvatt til að hafnar yrðu norrænar rannsóknir á áhrifum hormónaraskandi efna, ennfremur að Norðurlönd beittu sér fyrir endurskoðun á efna- og efnavörulöggjöf ESB.

Að höfðu samráði við norrænu ríkisstjórnirnar er Norðurlandaráði ljóst að stjórnvöld vinna að breytingum á efna- og efnavörulöggjöf ESB. Þá hefur Norræna ráðherranefndin tekið saman skýrslu, „*The Cost of Inaction*“, þar sem fram kemur sá mikli kostnaður sem hormónaraskandi efni hafa í för með sér í löndunum.

Tænk Kemi er deild innan danska neytendaráðsins sem er efnavörusvarðhundur neytenda. Í rannsókn sem deildin stóð að á árinu 2015 kom í ljós að krabbameinsvaldandi eða hormónaraskandi efni leynast í einni af hverjum fimm vörum sem ætlaðar eru ungabörnum, en alls voru 327 vörutegundir prófaðar.

Að mati margra vísindamanna eru engin örugg neðri mörk þegar hormónaraskandi þalöt eru annars vegar. Meira máli virðist skipta hvenær fólk kemst í snertingu við slík efni frekar en magn þeirra efna sem eitruninni valda. Eitrunaráhrif á fóstur geta verið dulin þangað til síðar á ævinni og koma jafnvel ekki í ljós fyrr en hjá næstu kynslóð.

Tillaga nefndarinnar

Nefndin hefur tekið saman átta tillögur að aðgerðum. Fimm tillögum er beint til ríkisstjórna Norðurlanda og þremur til Norrænu ráðherra-nefndarinnar.

Bann við þalötum (1. og 2. málsliður)

Það er almennt vitað að fólk kemur á degi hverjum í snertingu við efnasambönd sem eru heilsuspillandi. Börn og ungmenni nútímans snerta miklu fleiri skaðleg efni og efnasambönd en áður tíðkaðist, efni sem er að finna í leikföngum, fatnaði og öðrum vörum.

Það er heldur engin ný uppgötvun að ákveðin þalöt – sem meðal annars eru notuð sem mýkingarefni í plasti – eru skaðleg og útbreidd. Árum saman höfum við vitað að það eru einkum þalötin DEHP, DBP, BBP og DIBP sem eru hættuleg. Það er vel sannað að umrædd efni eru hormónaraskandi og geta átt stóran þátt í spilltum gæðum sæðis og að æ fleiri drengir fæðast með vansköpuð kynfæri.

Þalötin eru í fjölmörgum vörum, til dæmis litum, lakki og snyrtivörum en einnig sem mýkingarefni í plasti. Notkun þeirra er það útbreidd að heilbrigði barna stendur hættu af. Til allrar hamingju eru til góð og óskaðleg efni sem nota má í stað þalötanna fjögurra. Bannið sem hér er lagt til mun stuðla að því að farið verður að nota skaðlausari staðgöngu-efni.

Fjögur hættulegustu þalötin, DEHP, DBP, BBP og DIBP, hafa lengi verið á skrá REACH (löggjafar ESB um efni og efnavöru) yfir hættuleg efni sem skylt er að upplýsa um samkvæmt REACH-löggjöfinni. Ekki kemur það þó í veg fyrir að efnin eru notuð. Enn er hægt að framleiða og flytja inn vörur ef framleiðandinn/innflutningsaðilinn upplýsir að umrædd vara innihaldi hættuleg efni á REACH-skránni. Fyrir vikið er heilsa almennings óvernduð.

Framkvæmdastjórn ESB ákvað í júní 2015 að banna umrædd efni í rafeindabúnaði, en það er gert í svonefndri RoHS-tilskipun um takmarkanir á notkun tiltekinnar, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeinda-búnaði, en samkvæmt henni er notkun efnanna í rafbúnað óheimil frá og með árinu 2019.

Framkvæmdastjórn ESB lagði fram tillögu í júní 2016 að matsviðmiðum fyrir hormónaraskandi áhrif efna og efnasambanda. Í fyrsta málsliði eru ríkisstjórnir Norðurlanda hvattar til að styðja heils hugar að settar verði reglur innan ESB. Óvíst er að það takist. Í 2. málsliði er því lagt til að norrænu ríkin taki af skarið og setji innlendar reglur fyrir Norðurlönd (sjá 7. málslið um að kanna lagalega möguleika á að setja innlendar reglur) ef löggjöf ESB þykir ekki fullnægjandi fyrir árslok 2017.

Efni og efnasambönd í byggingarvörum (3. málsliður)

Sænska efnaeftirlitið, KEMI, getur þess í umsögn sinni að unnið sé að gerð tillögu til sænsku ríkisstjórnarinnar um að takmarka losun hættulegra efna

Norðurlandaráð

A 1657/holdbart

Flytjandi:

Norræna sjálfbærnefndin

Norræna velferðarnefndin

Afgreiðsla:

Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 15-00171-1

frá byggingarvörum. KEMI hefur nú afhent tillögu sína¹. Í samantekt skýrslunnar frá KEMI segir:

„Við leggjum til að Svíar setji innlend losunarmörk fyrir heilsuspillandi efni og efnasambönd í byggingarvörum. Reglurnar skuli vera af sömu gerð og reglur í öðrum ESB-löndum á þann hátt að viðskiptahindranir verði lágmarkaðar.

Við leggjum til að innlendu reglurnar gildi um byggingarvörur sem notaðar eru í gólf-, vegg- og lofteiningar. Er þetta í samræmi við gildandi reglur og reglur sem eru í bígirð í Þýskalandi, Frakklandi og Belgíu. Í reglugerð ESB um byggingarvörur verða einnig kröfur um að sýna fram á hvort vörur gefa frá sér lífræn rokefni (VOC) eða hálfrokjörn, lífræn efnasambönd (SVOC) áður en þær eru settar á markað og teknar í notkun í Svíþjóð. Nýju reglurnar eru taldar fyllilega í samræmi við reglugerð ESB um byggingarvörur sem og efna- og efnavörulöggjöf ESB.“

Í umræddum málslið felst að öll norrænu löndin fari eftir tillögu KEMI um að takmarka losun hættulegra efna frá byggingarvörum sem börn koma í snertingu við. Áhrifin yrðu mun meiri og myndu gagnast atvinnulífinu þar sem markaður fyrir byggingarvörur án hættulegra efnasambanda yrði stærri en ella.

Opinber skrá yfir óæskileg efni (4. málsliður)

Málsliðurinn byggir á tillögu sem umhverfisráðherra Frakka lagði fram á franska þjóðþinginu í janúar 2016. Um er að ræða fyrirkomulag sem á að stuðla að því að hætt verði að nota óæskileg efni. Óvíst er hvort tillagan fær nægilegan stuðning á þingi.

Fyrirkomulagið verður að miklu leyti valfrjálst. Því er ekki gert ráð fyrir að tillagan gangi á skjön við REACH-löggjöfina eða aðrar reglur ESB.

Grundvöllur tillögunnar er opinber skrá yfir óæskileg efni. Samkvæmt tillögunni eiga frönsk yfirvöld að taka skrána saman og uppfæra hana. Skráin gæti orðið svipuð staðgönguefnaskrá alþjóðlegu efnavörusamtakanna *ChemsSecs*², sem byggir að einhverju leyti á skrá löggjafar ESB um efni og efnavörur (REACH) yfir hættuleg efni. Umhverfisvörð í Danmörku (Miljøstyrelsen) hafa tekið saman skrá yfir óæskileg efni (LOUS)³ sem viðmiðun fyrir framleiðendur, vöruþróun, kaupendur og aðra aðila.

Vinna mætti tillögu að norrænni skrá á „Norrænu þekkingarsetri um eiturefnalaust umhverfi“ sem lagt er til að stofna (sjá 6. málslið) og yrði hún síðan samþykkt af umhverfisráðherrunum (MR-M).

Í tillögu Frakkanna felst einnig að framleiðendur fái styrki til að leita að óskaðlegri efnum sem kæmu í stað óæskilegra efnasambanda. Ennfremur að framleiðendur geti lýst því yfir opinberlega að þeir noti ekki hin óæskilegu efni. Að lokum er krafa um að framleiðendur athugi hvort þeir noti efni sem eru á umræddri skrá. Ef svo reynist vera ber að tilkynna það yfirvöldum (frönsku umhverfisstofnuninni, INERIC). Reglurnar eiga einnig

¹<http://www.kemi.se/en/global/rapporter/2016/report-4-16-hazardous-chemicals-in-construction-products.pdf>: Hazardous chemicals in construction products – proposal for a Swedish regulation

² <http://chemsec.org/>. The International Chemical Secretariat eru félagsamtök með aðsetur í Gautaborg. Þau hafa birt skrá sem lýst er þannig á heimasíðu samtakanna: The SIN (Substitute It Now!) List is a concrete tool to speed up the transition to a world free from hazardous chemicals. The chemicals on the SIN List have been identified by ChemSec as Substances of Very High Concern based on the criteria established by the EU chemicals regulation REACH.

³<http://mst.dk/virksomhed-myndighed/kemikalier/fokus-paa-saerlige-stoffer/listen-over-uoenskede-stoffer/>

Norðurlandaráð

A 1657/holdbart

Flytjandi:

Norræna sjálfbærnefndin

Norræna velferðarnefndin

Afgreiðsla:

Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 15-00171-1

að gilda um aðila sem flytja inn vörur sem innihalda efnasambönd sem eru í skránni.

Stöðva innflutning raskar samkeppni (5. málslíður)

Samtök atvinnulífsins í Danmörku, Dansk Industri (DI), mæla í umsögn sinni til Norðurlandaráðs með því að brugðist verði þeirri röskun á samkeppni sem felst í innflutningi frá löndum utan ESB á vörum sem innihalda umrædd þalöt. Þalötin DEHP, BBP, DBP og DIBP eru á skrá löggjafar ESB um efni og efnavörur (REACH) yfir hættuleg efni og stendur til að færa þau inn á skrá REACH yfir leyfisskyld efni. Það þýðir að notkun þeirra krefst sérstaks leyfis.

Framleiðendur utan ESB eru ekki bundnir af leyfisskyldu og geta því stundað útflutning á vörum sem innihalda óæskileg efni til ESB. Framleiðendum í ESB-löndunum er skylt að finna staðgönguefni fyrir bönnuðu efnin og geta þau verið dýrari. Þannig getur reglugerðin haft raskandi áhrif á samkeppni. Aðrar afleiðingar hennar eru þær að neytendur verða áfram fyrir áhrifum óæskilegra efna í innfluttum vörum og njóta því ekki þeirrar verndar sem ætlast var til.

Í viðauka XVII er listi yfir hættuleg efni þar sem notkun er takmörkuð eða bönnuð í öllum vörum á markaði, einnig innfluttum. Getur það reynst ærið verk að koma efnunum og efnasamböndum á þann lista. Til að komast hjá því að efni sem bönnuð eru innan ESB berist í innfluttum vörum er nauðsynlegt að leyfisskyld efni séu einnig á skrá yfir efni þar sem notkun er takmörkuð eða bönnuð.

Í málslíðnum eru ríkisstjórnir Norðurlanda hvattar til að beita sér fyrir breytingum á ESB-löggjöfni sem komi í veg fyrir að efni og efnasambönd sem bönnuð eru innan ESB/EES-svæðisins berist í vörum sem fluttar eru inn frá löndum utan ESB/EES-svæðisins.

Sameiginlegt norrænt þekkingarsetur um eiturefnalaust umhverfi (6. málslíður)

Efni og efnamál eru margslunginn málaflokkur þar sem þekkingu skortir. Í Svíþjóð⁴ og Danmörku hefur verið unnið að því að safna þekkingu á efnunum og efnasamböndum og miðla henni til framleiðenda, neytenda og vísindafólks. Þekkingarsetrið á að annast fræðslu um hættuleg efni en einnig staðgönguefni sem eru á boðstólum. Þekkingarsetrið á að veita iðnaðinum þjónustu en einnig samtökum og upplýsingaþjónustum neytenda. Norræni efnahópurinn (NKG) hefur starfað um allnokkurt skeið innan Norrænu ráðherranefndarinnar sem og viðamikilið tengslanet sérfræðinga sem hið norræna þekkingarsetur getur notið góðs af. Norrænt þekkingarsetur á ekki að koma í stað aðgerða í löndunum heldur getur það verið stuðningsstofnun sem safnar og miðlar þekkingu sem nýtist hjá innlendum stofnunum. Ekki er þörf á að setja nýja norræna stofnun á laggirnar. Norræn stofnun sem fyrir er, til dæmis Norræna velferðarmiðstöðin, gæti tekið verkið að sér. Eins mætti setja á fót norrænan samstarfsvettvang hjá innlendra stofnun, til dæmis KEMI efnaeftirlitinu í Svíþjóð.

Lagalegar forsendur fyrir innlendum reglum (7. málslíður)

Ekki er fólk á einu máli um hvort löndin megi setja sér innlendar reglur um notkun efnasambanda og hormónaraskandi efna þegar reglur ESB teljast ófullnægjandi. Í skýrslu sænska efnaeftirlitsins KEMI eru færð rök fyrir því að löndunum sé heimilt að setja innlendar reglur um efni sem falla ekki undir REACH-efnalöggjöfina. Danmörk lenti í deilum við framkvæmdastjórn ESB á árinu 2013 út af reglum um fjögur þalöt⁵ en ákvað á árinu 2014 að hætta við innlendar reglur vegna athugasemda framkvæmda-

⁴ Sjá t.d. <http://www.regeringen.se/artiklar/2016/05/regeringen-satsar-pa-en-giftfri-miljo-for-barnen-och-var-halsa/>

⁵ Um er að ræða DEHP, BBP, DBP og DIBP.

Norðurlandaráð

A 1657/holdbart

Flytjandi:
Norræna sjálfbærnefndin
Norræna velferðarnefndin

Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 15-00171-1

stjórnarinnar. Þar sem fólk er ekki á einu máli um hvort lagalegar forsendur eru fyrir norrænum aðgerðum er þörf á að gera norræna úttekt sem kemur að góðum notum þegar Norræna ráðherranefndin, Norðurlandaráð eða yfirvöld landanna móta framtíðarstefnu á sviði efna og efnasambanda. Evrópusambandið hefur sýnt sig að bregðast seint við nýrri þekkingu á hættulegum áhrifum efna og efnasambanda. Skýringin getur verið sú að hagsmunagæsla efnaframleiðenda í Brussel er afar öflug. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði þar á. Því getur verið ástæða til að setja innlendar reglur í framtíðinni ef ESB býður ekki upp á lausnir sem vernda börn og neytendur gegn hættulegum efnunum.

Umhverfismerkið Svanurinn (8. málsliður)

Umhverfismerkið Svanurinn er eitt öflugasta vopn neytenda til að verjast hættulegum efnunum. Viðmið Svansmerkisins eru uppfærð reglulega. Mikilvægt er að svo sé og málsliðurinn styður að framhald verði þar á. Norrænt þekkingarsetur um eiturefnalaust umhverfi (6. málsliður) ætti að gera Svansmerkinu kleift að bregðast skjótt við nýrri þekkingu á efnunum.

Umsagnarferli

Tillaga þessi er endurskoðuð útgáfa af tillögu sem send var í umsagnarferli á árinu 2015. Svör bárust frá 18 stofnunum á Norðurlöndum. Flestar umsagnir fólu í sér gagnrýni á tillöguna í þáverandi mynd. Málið er margslungið og því vörpuðu umsagnirnar nýju ljósi á ýmsar hliðar þess. Ákveðið var að fara með gagnrýnum augum gegnum fyrri tillögu og afrakstur ferlisins er sú tillaga sem hér liggur fyrir.

Stokkhólmi, 27. september 2016

Christian Poll (ALT)

Elín Hirst (Sj.)

Hanna Kosonen (cent), formaður

Irene Johansen (A)

Jan Erik Messmann (DF)

Jan Lindholm (MP)

Karin Gaardsted (S), varaformaður

Knut Storberget (A)

Mika Lintilä (cent)

Róbert Marshall (Björt framtíð)

Staffan Danielsson (C)

Susanna Koski (saml)

Suzanne Svensson (S)

Sylvi Graham (H)

Thomas Finnborg (M)

Norðurlandaráð

A 1657/holdbart

Flytjandi:

Norræna sjálfbærinefndin

Norræna velferðarnefndin

Afgreiðsla:

Norræna sjálfbærinefndin

Málsnúmer: 15-00171-1